



**Borgarsögusafn**  
Reykjavíkur

**Safnfræðsla**  
**Borgarsögusafns**

**skólaárið**  
**2017–2018**



# 1 safn

## 5 staðir

### 4 skólastig

Borgarsögusafn Reykjavíkur er spennandi menningarminjasafn á fimm frábærum stöðum víðsvegar um borgina. Safnið er óformlegur námsvettvangur sem hægt er að nýta á margbreytilegan máta í vettvangsferðum hópa. Fræðsluteymi Borgarsögusafns býður upp á vandaða safnfræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum. Við tökum einnig á mótí hópum í frístundastarfi og ýmiskonar sérhópum á öllum aldri – frá 5 til 95 ára. Við vinnum eftir fræðslustefnu þar sem þátttaka, sköpun og aðgengi fyrir alla er haft að leiðarljósi. Starfið er í sífelldri þróun og við viljum beita fjölbreyttum kennsluáðferðum í virku samtali við safngesti og samfélag.

Borgarsögusafn Reykjavíkur er á eftirtöldum stöðum:

**Árbæjarsafn** Kistuhyl 4

**Landnámsýningin** Aðalstræti 16

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur** Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, 6. hæð

**Sjóminjasafnið í Reykjavík** Grandagarði 8

**Viðey** (siglt frá Skarfabakka á virkum dögum í sept. og maí)

Tekið er á mótí hópum alla virka daga frá 9:00–16:00 eða eftir samkomulagi. Bókið heimsóknir með góðum fyrirvara á okkar fimm frábæru staði í gegnum netfangið: [safnfraedsla@reykjavik.is](mailto:safnfraedsla@reykjavik.is)

Aðgangur er ókeypis fyrir hópa á öllum skólastigum og öllum aldri í skipulögðu frístundastarfi. Geymið bæklinginn og hengið upp á vegg.





## Árbæjarsafn – sveitasæla í miðri borg

Frá 1. sept. 2017 verður opið í Árbæjarsafni alla daga frá 13:00–17:00 (áður voru húsin opin yfir sumarmánuði og jól). Tekið er á mótí hópum alla virka daga frá 9:00–16:00 eða eftir samkomulagi.

LEIKSKÓLAR

### Komdu að leika! 4–6 ára

Hvað eiga leggur, skel og Baby-born dúkka sameiginlegt? Kynning á sögu leikfanga á tuttugustu öldinni og frjáls leiktími á stöðvum frá mismunandi tímum – allt frá árinu 1900 fram til okkar daga. Vinsamlegast athugið að bóka þarf sér rými ef borða á nesti í heimsókninni.

GRUNNSKÓLAR

### Neyzluhættir – rútutilboð! 7.–10. bekkur

Sýningin NeyZlan varpar ljósi á örar breytingar á neysluháttum á 20. öld. Markmið heimsóknarinnar er að beina sjónum að eigin neyslu, soun og áhrifum mannsins á umhverfið. Nemendur vinna hópverkefni sem eflir skapandi og gagnrýna hugsun í afslöppuðu umhverfi.

Aðgangur er ókeypis fyrir hópa á öllum skólastigum sem bóka heimsóknir í gegnum safnfrædsla@reykjavik.is

**Verk að vinna****3.–4. bekkur**

Heimsóknin er hugsuð sem vettvangsferð í tengslum við námsefnið *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* til að kynna lífinu í gamla bændasamfélaginu og sjávarþorpinu Reykjavík. Nemendur fá að vinna verk inni eða úti eftir árstíma t.d. að kema ull, sópa, finna eldivið eða bera vatn.

**Senn koma jólin****(27. nóv. til 22. des.) – RÚTUTILBOÐ!****Elti árgangur**

Hvernig voru jólin hjá krökkum í gamla daga? Íslensku jólasveinarnir og jólahald fyrr á árum er í brennidepli. Undirbúningur fyrir jólin verður í fullum gangi! Tökum á móti bókunum frá og með 1. okt.

**Að þreyja þorran****(19. jan. til 19. feb.)****Elti árgangur****1.–2. bekkur**

Hugguleg stund í fræðsluhúsi Árbæjarsafns þar sem við ræðum um þorramat og einkenni hans. Við skoðum hluti sem tengjast matargerð í gamla daga og ræðum hvernig var að upplifa vetrarkulda og myrkur fyrir tíma rafmagns og nútímaþæginda. Tökum á móti bókunum frá og með 1. nóv.

**Aðfangadagskvöld 1959****(27. nóv. til 22. des.) – RÚTUTILBOÐ!****5.–7. bekkur**

Notaleg jólaheimsókn þar sem við ræðum um jólahald og jólahefðir fyrir rúmri hálfri öld, við skreytum jólatréð og tökum upp jólapakka eins og árið væri 1959. Tökum á móti bókunum frá og með 1. okt.

**Leikjafjör**

Við bjóðum upp á fræðandi leiki fyrir hópa sem vilja njóta útiveru í einstöku umhverfi. Leikirnir henta mismunandi aldri: Liir og form fyrir 5–9 ára; Föturnar hans Friðriks fyrir 1.–7. bekk og Lífið án farsíma fyrir 5.–7. bekk. Einnig er hægt að aðlaga leikina fyrir ungt fólk og fullorðna.

**Konur og hjáverkin –****RÚTUTILBOÐ fyrir grunnskóla!****8.–10. bekkur og framhaldsskólar**

Af hverju völdu konur að verða smásagnahöfundar, grasalæknar og tungumálakennarar í hjáverkum? Verkefnið felst í því að setja sig í spor kvenna og kynna þeirra fjölbreyttu störfum á árunum 1900–1970 ásamt því að finna muni sem passa við störfin á sýningunni *Hjáverkin*. Náms efnið *Kynungabók* er upplagt til stuðnings.

**LÍKN – fjölnota fræðsluhús fyrir****námskeið og sýningar****framhaldsskólar**

Húsið Líkn er nýppgert með aðstöðu fyrir ýmis námskeið og nemendasýningar í samstarfi við skóla og aðra aðila er tengjast starfsemi safnsins. Þar er einnig sýning um sögu ljósmyndunar. Við hvetjum kennara til að ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns um notkun rýmisisins.

**Eldri nemendur**

Ýmist er á boðstólum að nýta sér sýningar safnsins í verkefnavinnu á eigin vegum eða fá leiðsögn með safnkennara um valdar sýningar og tiltekin hús.

Við hvetjum kennara til að nýta sér safnið á margvíslegan hátt og ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns við útfærslu og bókun heimsókna.



## Landnámssýningin – fyrsta fólkið á Íslandi

Við mælum sérstaklega með sýningunni *Dýrin – leyndardómur landnámsins* sem opnuð var á vordögum 2017. Á Landnámssýningunni er lyfta niður á sýningarsvæðið og allir gripir eru í sjónhæð fyrir fólk í hjólastólum.

### LEIKSKÓLAR

#### **Komdu og skoðaðu landnámsdýrin *Elsti árgangur***

Fyrsta fólkið sem settist að á Íslandi kom með ýmislegt með sér frá útlöndum, þar á meðal húsdýr. Í heimsókninni er rætt um þessi húsdýr og hvernig hugsað var um þau. Nemendum verða einnig kenndir leikir er tengdust dýrunum.

### GRUNNSKÓLAR

#### **Hvaðan komu Íslendingar? 8.–10. bekkur**

Skv. rannsóknum var Ísland upphaflega land innflytjenda. En hvaðan kom landnámsfólkið? Voru þetta allt heiðnir Norðmenn eða kom fólkið frá ólíkum menningarheimum? Í heimsókninni verður rætt um menningu, trú, þrælahlald og viðhorf á Víkingaöld.



GRUNSKÓLAR

## Sagan grafinn upp – verkefnabók! 5.–7. bekkur

Hvernig er hægt að þekkja gamla gripi og hvað segja þeir um fortíðina? Litið er inn í spennandi heim fornleifafræði og hvað gerist þegar sagan er grafinn upp. Í heimsókninni er unnið með forna gripi og verkefnahefti til að kynna rannsóknaraðferðum fornleifafræðinga.

GRUNSKÓLAR

## Lífið á landnámsöld 1.–3. bekkur

Hvað vitum við um líf og störf fólks á landnámsöld? Landnám Reykjavíkur og Íslands er skoðað út frá fornleifum sem hafa fundist m.a. verkfærum, skrautumunum, matarafgöngum og heilum húsum. Þannig fáum við betri skilning á lífinu fyrir 1000 árum.

GRUNSKÓLAR

## Siglum til Íslands 4.–6. bekkur

Á landnámsöld fluttist norrænt fólk til Íslands og settist hér að. Flutningurinn yfir hafið var hvorki auðveldur né áhættulaus. Í heimsókninni verður fjallað um undirbúning og framkvæmd Íslandsfararinnar.



FRAMHALDSSKÓLAR

## Eldri nemendur

Framhaldsskóla- og háskólanemum er ýmist boðið að nýta sér sýningar safnsins í verkefnavinnu á eigin vegum eða fá leiðsögn með safnkennara.

HÁSKÓLAR

Við hvetjum kennara á framhalds- og háskólastigi til að nýta sér safnið á margvíslegan hátt en mikilvægt er að ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns við útfærslu og bókun heimsókna.

FRISTUNDASTARF

## Leikir í kvosinni

Fræðumst um leiki í gamla daga og prófum! Hvernig lék fólk sér á niðjándu öld? Standast leikirnir tímans tönn? Safnkennari tekur á móti hópnum utandyra, en leiksvæðið er miðbærinn, ýmsir vellir, garðar og torg. Athugið að þessi dagskrá krefst virkrar þátttöku og er háð veðri.







## Ljósmyndasafn Reykjavíkur –myndlæsi í fókus

Margbreytilegar sýningar safnsins fela í sér ótal tækifæri til fræðslu. Endilega kynnið ykkur sýningadagsetningar á heimasíðu safnsins. Ljósmyndasafn Reykjavíkur er staðsett á 6. hæð, Tryggvagötu 15 í sama húsi og Menningarhúsið Grófin – Borgarbókasafn.

### LEIKSKÓLAR

#### Hvað er sýning?

##### **Elsti árgangur**

Við lesum í myndir og spjöllum um það hvernig sýning er búin til á safni. Við skoðum einnig hvernig ljósmyndasýning er frábrugðin öðrum sýningum, t.d. uppröðun út frá formum og fjölda mynda. Upplagt sem fyrsta heimsókn á safn.

### ÖLL SKÓLASTIG

#### janúar–maí

Ljósmyndir af íslenskrri náttúru

##### **Hvað er birtingarmynd?**

##### **hentar öllum aldri**

Náttúran hefur frá upphafi verið áberandi í íslenskrri ljósmyndun. Á þessari sýningu má sjá hvernig hún birtist í verkum fimm samfímaljósmyndara. Nálgun þeirra við viðfangsefnið er afar ólík og hvert þeirra fer sína persónulegu leið.



**20. maí – 10. sept. 2017**

Sigurgeir Sigurjónsson: *Umbreyting*  
**Hvað er umbreyting?**  
*hentar öllum aldri*

Landslagi afskekktra staða og borgarlandslagi er teft saman í ljósmyndum Sigurgeirs Sigurjónssonar á þann hátt að úr verða áhugaverð mynstur, form og umbreyting. Andstæður niðurrifs, uppbyggingar og óspilltrar náttúru bjóða upp á óvenjuleg sjónarhorn á annars hversdagslegan veruleika.



Ljósmynd: Lóa Dís (Ólafía Þórdís Gunnarsdóttir), jólin 1959. Ljósmyndasafn Reykjavíkur / © Gunnar Rúnar Ólafsson.

**16. sept. 2017 – 14. jan. 2018**Jack Latham: *Mál 214*

**Geta minningar verið falskar?**  
**8.–10. bekkur**

**framhaldsskólar og háskólar**

Sýningin *Mál 214* er unnin í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmálið, eitt umdeildasta sakamál á Íslandi, sem tilraun til að fjalla um falskar minningar. Ljósmyndarinn Jack Latham vann verkefnið í samvinnu við aðila sem tengjast málinu s.s. eftirlifandi sakborninga, uppljóstrara, höfunda samsæriskenninga og sérfræðinga. Sýningin er kjörið tækifæri til að kynnst málinu og hvernig ljósmyndari nálgast flókið og viðkvæmt viðfangsefni.

**Fortíð og ljósmyndir í fókus**

**8.–10. bekkur**  
**framhaldsskólar**

Nemendur fá að kynnst starfsemi safnsins, varðveislu og gildi ljósmynda. Safnkostur Ljósmyndasafnsins telur um ó milljónir mynda frá 1860 til 2014. Heimsókninni fylgir samanburðarverkefni sem nemendur geta unnið að heimsókn lokinni í miðbæ Reykjavíkur og kann að hvað hefur breyst í árána rás.

**Orð og mynd**

*Léttur leikur sem felst í því að skoða ljósmyndir og tengja orð eða hugtök við þær. Við rýnum í viðfangsefni myndanna og sjáum hvert myndlesturinn leiðir okkur. Einnig er hægt að aðlaga fræðsluna fyrir ungt fólk og fullorðna.*

**Eldri nemendur**

Safnkostur Ljósmyndasafnsins telur um ó milljónir mynda sem er aðgengilegur, bæði á vefnum og í safninu sjálfu.

Framhaldsskóla- og háskólanemum er ýmist boðin kynning á starfsemi safnsins eða leiðsögn með safnkennara um valda sýningu. Athugið vel breytilega sýningartíma Ljósmyndasafnsins.

Við hvetjum kennara á framhalds- og háskólastigi til að nýta sér safnið á margvíslegan hátt og ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns við útfærslu og bókun heimsókna.



## Sjóminjasafnið í Reykjavík -hafsjór af fróðleik

Það eru síðustu forvöð að skoða sýningarnar *Frá örbirgð til allsnægta* og *Porskastríðin*. Í janúar 2018 opnar spennandi sýning um fornleifarannsókn á hollensku skipi sem sökk á 17. öld og ný grunnsýning opnar sumarið 2018.

### LEIKSKÓLAR

#### Sjómennska í gamla daga (í boði út nóvember)

##### *Elsti árgangur*

Hvernig var að vera til sjós í gamla daga? Við göngum saman um grunnsýningu safnsins, skoðum fatnað sjómanna og kikjum í lúkarinn þar sem sjómenn sváfu. Í lok heimsóknarinnar er sögustund ef tími vinnst til.

### GRUNNSKÓLAR

#### Sjósókn Íslendinga (í boði út nóvember)

##### *7.-10. bekkur*

Í heimsókninni er fjallað um sjósókn Íslendinga í gegnum aldirnar. Við setjum okkur í spor sjómanna, skoðum vistarverur þeirra og aðstæður á mismunandi tímum. Námsfnið *Kynungabók* er upplagt til stuðnings til að ræða um hlutverk kynjanna tengd sjósókn hér áður fyrr.

Aðgangur er ókeypis fyrir hópa á öllum skólastigum sem bóka heimsóknir í gegnum safnfræðsla@reykjavik.is

## Skipið sem sökk! (frá janúar 2018) Elsti árgangur

Hollenska skipið *Mjaltastúlkan* sökk við Flatey á Breiðafirði árið 1659. Við skoðum gripi úr skipinu sem fundust á hafsbotni og kynnumst aðferðum fornleifafræðinnar á virkan hátt.

## Alvöru varðskip! (fjöldi miðast við 15 börn) Elsti árgangur

Könnunarleiðangur um varðskipið Óðin þar sem við spjöllum um margþætta starfsemi skipsins, sögu og öryggi á sjó. Leikskólanemar klæðast björgunarvestum áður en haldið er út í varðskipið.

## Komdu og skoðaðu hafið á safni (í boði út nóvember) 2.–3. bekkur

Heimsóknin tengist námsefninu *Komdu og skoðaðu hafið*. Nemendur kynnst aðbúnaði sjómanna um borð, auðlindum hafsins og nýtingu þeirra.

## Átök um þorskin: hlutverkaleikur – RÚTUTILBOÐ! 4.–6. bekkur

Æsispennandi hlutverkaleikur um borð í varðskipinu Óðni þar sem nemendur og kennarar taka að sér hlutverk áhafnar á varðskipi. Handrit byggir á raunverulegum atburðum úr þorskastríðunum. Áhersla er lögð á samvinnu og hverju hlutverki fylgir búningur og starfslýsing. Safnkennari leiðir leikinn og ítarefni fylgir.

## Til hvers eru varðskip? 7. – 10. bekkur

Í heimsókninni er gengið saman um varðskipið Óðin og fjallað um hlutverk þess, sögu og þátttöku í þorskastríðunum.

## Vermannaleikir

Útileikir sem sjómenn stunduðu hér áður fyrr þegar þeir komust ekki á sjó. Athugið að þessi dagskrá krefst virkrar þátttöku og er háð veðri.

## Bátar, skútur og skip

Veist þú hvað líkan er? Fræðandi leikur um báta-, skútu- og skipalíkön sem leiðir hópinn í gegnum sýningu safnsins.

## Varðskipið Óðinn

Könnunarleiðangur um króka og kima varðskipsins Óðins þar sem farið er yfir hlutverk þess og öryggi á sjó. Gengið er um þilför skipsins þar sem við skoðum brú, káetur og messa.



## Eldri nemendur

Framhaldsskóla- og háskólanemum er ýmist boðið að nýta sér sýningar safnsins í verkefnavinnu á eigin vegum eða bóka leiðsögn með safnkennara annars vegar um sýningar safnsins og hins vegar um varðskipið Óðinn.

Við hvetjum kennara á framhalds- og háskólastigi til að nýta sér safnið á margvíslegan hátt og ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns við útfærslu og bókun heimsókna.



## Viðey –saga, náttúra og list

Viðey er safn og náttúruparadís sem býður upp á ótal möguleika til fræðslu. Í Viðey eru mörg útivistarsvæði, mikilvæg saga, fjörur, fuglalíf og listaverk. Viðey er friðlýst svæði og hluti af heimsókninni er að læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og gæta fyllsta öryggis. Hér eru tillögur að heimsóknum.

### Aðstaða fyrir skóla- og frístundahópa

Viðeyjarnaust er einfaldur skáli sem er tilvalin nestisaðstaða fyrir hópa.\* Þar er salernisaðstaða og kolagrill fyrir utan.

Í gamla skólanum\* (hluti af þorpinu sem var í eygni 1904–1914) er rúmgóð aðstaða fyrir hópa sem upplagt er að nýta í verkefnavinnu eða sem nestisaðstöðu.



\*notkunin miðast við virka daga til kl. 17



## Tillögur fyrir leikskóla

Heimsókn í Viðey er sterk upplifun sem auðveldlega má tengja við náttúrufræði, sköpun og lífsleikni. Þar eru ótal möguleikar til útikennslu og reynslunáms. Við mælum með náttúruskoðun og fjórufurðum.

## Tillögur fyrir grunnskóla

Saga Viðeyjar og náttúra skapa ríkulegan jarðveg til fræðslu í ólíkum námsgreinum og það er von okkar að heimsóknir í Viðey nýtist sem stuðningur við starf skólanna. Í upphafi heimsóknar er hægt að fá kynningu á því sem eyjan hefur upp á að bjóða en bóka þarf með góðum fyrirvara.

Viðey er tilvalinn staður til útikennslu í samfélagsfræði þar sem hún er samofin sögu Reykjavíkur, þéttbýlismyndun á Íslandi og atvinnusögu borgarinnar.

Viðey er kjörinn staður til að fræðast um sérstöðu íslenskrar náttúru. Þar er mikið fuglalíf og verpa t.d. um 30 tegundir fugla í eygni. Viðey má nýta sem vettvang reynslunáms til að kynnast fjölbreyttu lífi í fjörum, sjávarföllum o.fl.

Listaverkin í Viðey, Friðarsúla Yoko Ono og Áfangar eftir Richard Serra voru sérstaklega unnin útfrá staðsetningu sinni í eyjunni. Þau ýta undir að gestir Viðeyjar staldri við og horfi á umhverfið í kring. Heimsókn í eyjuna má auðveldlega nýta sem innblástur til sköpunar.

Viðey er frábær staður til að njóta útiveru í einstöku umhverfi. Þar er upplagt að fara í eflandi hópleiki og rannsóknarleiðangra. Við mælum með dagsferð með nesti og skapandi dagskrá t.d. með notkun myndavéla til að skrásetja það sem fyrir augu ber.

## Tillögur fyrir framhaldsskóla og háskóla

Viðey er vettvangur margbreytilegra námstækifæra í nærumhverfi Reykjavíkur. Framhaldsskóla- og háskólanemum er ýmist boðið að nýta sér vettvangsferð í Viðey í eigin verkefnavinnu eða bóka leiðsögn með safnkennara og/eða starfsmanni Viðeyjar. Við hvetjum kennara til að ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns við útfærslu og bókun heimsókna í eyjuna.

Nauðsynlegt er að klæða sig eftir veðri og hafa í huga að hvassara getur verið í eygni en á landi. Best er að gera ráð fyrir að dvelja nokkrar klukkustundir í eygni.

Við mælum með því að kennarar ráðfæri sig með góðum fyrirvara við fræðsluteymi Borgarsögusafns til að útfæra og bóka heimsóknir í Viðey að vori eða hausti.

Viðeyjarferjan siglir út í eyju alla virka daga frá maí og út september. Athugið að ekkert gjald er tekið fyrir ó ára og yngri. Bóka þarf ferjuferð í gegnum Eldingu: [gulli@elding.is](mailto:gulli@elding.is)

Nánari upplýsingar og itarefni um Viðey má finna á [www.borgarsogusafn.is](http://www.borgarsogusafn.is) undir Viðey.



# Fræðslustefna Borgarsögusafns

Nám á safni er margbreytilegt og það á jafnt við formlegt nám og þekkingarleit einstaklinga og hópa. Nám er ferli sem krefst virkni og mótast af miklu leyti af fyrri reynslu gestsins, menningu hans og umhverfi. Safnfræðslan snýst um að virkja gesti til að afla sér þekkingar í samtali við frjóan vettvang safneignar, sýninga og annarrar miðlunar. Fræðslustarf Borgarsögusafns miðar að því að auka vægi þátttöku og sköpunar í starfi sínu.

Við mælum eindregið með því að safnheimsóknir séu nýttar sem hluti af námi allt árið um kring. Þannig skapast margbreytileg tækifæri til að læra á virkan og skapandi hátt. Safnfræðsla fyrir skóla- og frístundahópa á öllum aldri er án endurgjalds. Borgarsögusafn býður upp á ókeypis rútuferðir fyrir leik- og grunnskóla Reykjavíkur sem afmarkast við sérstök tilboð í Sjóminjasafni Reykjavíkur og Árbæjarsafni. Sjá nánari útlistun í bæklingnum.

## Ekki hika við að hafa samband!

Best er að senda fyrirspurnir og bókanir á netfangið: [safnfraedsla@reykjavik.is](mailto:safnfraedsla@reykjavik.is) eða hafa samband í síma 411 6300. Tekið er á móti hópum alla virka daga frá 9:00–16:00 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um fræðsluframboð Borgarsögusafns er að finna á heimasíðu safnsins: [www.borgarsogusafn.is](http://www.borgarsogusafn.is) undir Safnfræðslu. Endilega fylgist með á samfélagsmiðlum: [www.facebook.com/safnfraedsla/](https://www.facebook.com/safnfraedsla/)

Við hlökkum til að fá ykkur í heimsókn!

Fræðsluteymi Borgarsögusafns Reykjavíkur:

AlmaDís Kristinsdóttir  
Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir  
Hlín Gylfadóttir  
Jóhanna Guðrún Árnadóttir  
Jón Páll Björnsson

# 1 safn 5 staðir 4 skólastig

Árbæjarsafn, Kistuhyl 4  
Landnámskýringin, Aðalstræti 16  
Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, 6. hæð  
Sjómínjasafnið í Reykjavík, Grandagarði 8  
Viðey, Skarfabakka (siglt á virkum dögum í sept. og maí)

**Ljósmynd á forsiðu:** Guðrún Hermannsdóttir gefur lýsi í skólastofu í Laugarnesskóla árið 1951. Lýsigjöf var tekin upp í kringum 1930 og var orðin fastur liður í flestum skólum á fimmta áratugnum en hætt í kringum 1970 þegar lýsispillur komu til sögunnar.  
Ljósmyndasafn Reykjavíkur / © Guðmundur Hannesson.